

**Kjarasamningur**  
**milli**  
**Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem Ísland ehf. annars vegar**  
**og**  
**Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga,**  
**Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Vesturlands og VR hins vegar.**

**1. gr.**

**Samningstími**

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember árið 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**2. gr.**

**Launaákvæði**

Frá gildistöku samnings þessa, þann 1. desember 2008, verða grunnlaun eftirfarandi:

<b>Launataxtar</b>	<b>Grunnlaun</b>
Ofngæslumenn	179.966
Verkamenn í ofnhúsi (dagmenn)	192.361
Iðnaðarmenn með 2 ára iðnnám	194.155
Iðnaðarmenn með 4 ára iðnnám	216.146
Skifstofumenn II	176.715
Skrifstofumenn I	190.122
Fulltrúar á skrifstofu	202.375

Taxtaviðauki, sem kom inn í kjarasamninginn þann 1. júlí 2006, fellur brott frá 1.12.2008. Ofangreind launatafla tekur einnig mið af niðurfellingu á nýtingarbónus.

Hinn 1. janúar 2010 hækka laun um 2,5%.

**3. gr.**

Í stað greinar 3.19.1 komi ný grein um um afkastabónus

**Afkastabónus**

3.19.1 Markmiðið með afkastabónus er að ná sem bestri nýtingu á framleiðslugetu verksmiðjunnar. Afkastabónus miðast við að framleiðsla sé í samræmi við áætlun ársins og reiknast fyrir hvern almanaksmánuð. Afkastabónus er samtala tveggja bónusa, kísiljárnabónus og FSM-bónus.

Viðmiðun fyrir kísiljárnabónus er að samanlögð framleiðsla ofns 2 og 3 verði 213 tonn FeSi75 á sólarhring að meðaltali. Allar magntölur um framleiðslu á kísiljárni (FeSi) eru ígildi kísiljárns (FeSi75) sem miðast við umreiknuð tonn með 75% innihaldi kísils (Si).

Vegna árlegra, skipulagðra, lengri viðhaldsstoppa ofna verður bætt við reiknaðri framleiðslu sem svarar til 93 tonna fyrir ofn 2 og 120 tonna fyrir ofn 3 að meðaltali á hverjum sólarhring. Auk þess verði hálfum sólarhring bætt við lengd stopps vegna



niður- og uppkeyslu ofna. Verði af markaðstengdum ástæðum ákveðið að stöðva ofn eða reka á skertu álagi til lengri tíma (mánuð eða meira) getur endurskoðun á forsendum farið fram.

Kísiljárnbonus getur að hámarki orðið 3,5%. Sé meðalframleiðslan minni þá dregst 0,1% frá fyrir hvert tonn sem meðalframleiðsla á sólarhring fer undir 213 tonn.

FSM-bonus miðast við framleidd tonn af FSM. Fullur bonus fæst ef framleiðsla er 130 tonn FSM eða meira að meðaltali hvern sólarhring.

FSM-bonus getur að hámarki orðið 1,5%. Sé meðalframleiðslan minni þá dragast 0,035% frá fyrir hvert tonn sem FSM framleiðsla er undir 130 tonnum að meðaltali pr. sólarhring. FSM-bonus er tímabundið festur í 1,0% þar til ný FSM framleiðslueining er komin í fullan rekstur.

Forsendur verða endurmetnar í lok árs 2009 vegna ársins 2010.

Í stað greinar 3.19.2 komi eftirfarandi

### **Öryggis- og umgengisbónus**

3.19.2 Markmiðið með öryggis- og umgengisbónus er að stuðla að auknu öryggi og góðri umgengni á vinnusvæðum starfsmanna og umbuna fyrir árangur á þessum sviðum. Öryggis- og umgengisbónus byggir á þremur þáttum, þ.e. öryggismálum, umgengni og slysatíðni.

Með öryggismálum er átt við notkun persónuhlífa og öryggisbúnaðar ásamt eftirfylgni með öryggisreglum. Farnar verði tvær vettvangsferðir í hverjum mánuði. Bónus hvers mánaðar er meðaltal árangurs úr tveimur framangreindum skoðunum. Sé af einhverjum ástæðum aðeins farið í eina vettvangsferð gildir niðurstaða úr þeirri skoðun sem bónus mánaðarins.

Verksmiðjussvæðinu verði skipt upp í 3 svæði:

Svæði 1: Ofnhús.

Svæði 2: Deigluverkstæði, kvarnarhús, sigti- og pökkunarstöð FeSi. Útisvæði utan við framangreindar byggingar.

Svæði 3: FSM kalt, reykhreinsivirki, útisvæði næst ofnhúsi og við framangreindar byggingar.

Svæði 1 verði skoðað einu sinni í mánuði en hin tvö svæðin annan hvern mánuð. Í vettvangsferðina fer einn fulltrúi fyrirtækis og einn fulltrúi starfsmanna. Fulltrúi fyrirtækis ákveður hvenær farið er í vettvangsferðir.

Hámarksbónus er 2% fyrir öryggismál og 2% fyrir umgengni, en ágallar eða athugasemdir komi til frádráttar. Bónus vegna öryggismála lækkar um 0,15% og bónus vegna umgengni lækkar um 0,10% vegna hvers ágalla/athugasemdar.

Þriðji þáttur öryggis- og umgengisbónuss byggir á slysatíðni og getur verið á bilinu 0-1%. Bónusinn lækkar um 1,0% við hvert H1 slys og um 0,5% við hvert H2 slys.

Samanlagt getur öryggis- og umgengisbónus verið á bilinu 0-5%.

Fyrsti málsliður greinar 3.19.3 um bónusgreiðslur verði: Afkastabónus og öryggis- og umgengnisbónus reiknast mánaðarlega og fara greiðslur fram mánaðarlega með öðrum launum.

Mánuðina desember 2008-mars 2009 verður samtala afkastabónuss og öryggis- og umgengnisbónuss að lágmarki 7%.

Í stað ákvæðis um endurskoðunarákvæði bónuskerfa komi eftirfarandi:

#### **Eftirlitsnefnd bónuskerfa**

3.19.4 Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna tvo fulltrúa í eftirlitsnefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með því að bónuskerfin skili bæði starfsmönnum og fyrirtækinu ávinningi. Verði árangur samkvæmt bónuskerfunum ófullnægjandi skal nefndin komast að niðurstöðu um tillögur til úrbóta. Náist ekki niðurstaða er heimilt að kveða til oddamann, sem ríkissáttasemjari tilnefnir, til þess að skera úr um hugsanlegan ágreining.

#### **4. gr.**

##### **Veikindi barna**

Grein 6.01.5. orðist svo:

Á fyrsta starfsári skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá föstum launum.

#### **5. gr.**

##### **Slysatryggingar**

Kafla um slysatryggingar breytist í samræmi við kjarasamninga landssambanda ASÍ frá 17. febrúar 2008 hvað fjárhæðir og réttindaákvæði varðar.

#### **6. gr.**

##### **Starfsmenntasjóðir**

Í grein 7.01.1 breytist tímabilið 2004-2007 í 2008-2010.

#### **7. gr.**

##### **Endurhæfingarsjóður**

Ný grein 7.01.4. Endurhæfingarsjóður orðist svo:

Frá 1. desember 2008 greiðir fyrirtækið 0,13% af heildarlaunum í Endurhæfingarsjóð, sbr. yfirlýsingu ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008.

Reykjavík, 3. desember 2008

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

*Vilmundur Þriquin*  
*Júlybjörg R. Ljómunndóttir*  
*Helmi Steinarsson*  
*Ólafur Tomasson*  
*Sigrún Elhamudóttir*

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Elkem Ísland ehf.

*Hannas G. Sigurðsson*  
*Sigrún Pálsdóttir*

Granti Halldor

Odour Gud

Elias M. Þorsteinsson

Hermann

Hrannur Kristinsson

Eisli O. Olafsson

Sonni Þor Ólafsson

Ólafur Guð Ólafsson

Ólafur Haukur Ólafsson

forvaldur Ólafsson